

Fundargerð 6. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness

**Fundarstaður: Sögumiðstöðin í Grundarfirði**

**Fundardagur: 30. nóvember 2004**

**Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:**

Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gulli@hellnar.is](mailto:gulli@hellnar.is)

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is)

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [hjj@mi.is](mailto:hjj@mi.is)

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [finsen@soffi.com](mailto:finsen@soffi.com)

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [dagny@stykkisholmur.is](mailto:dagny@stykkisholmur.is)

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [menja@nsv.is](mailto:menja@nsv.is)

Margrét Valdimarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is)

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is)

**Fjarverandi:**

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – [salmo@islandia.is](mailto:salmo@islandia.is)

Ástþór boðaði forföll og jafnframt að varamaður gæti ekki mætt

Formaður setti fundinn kl. 14:10 og hófst hann á því að Margrét Valdimarsdóttir frá Þjóðgarðinum Snæfellsjökli frumsýndi nýja heimildarmynd um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, sem Valdimar Leifsson tók. Er hún um 8 mínútna löng.

Í framhaldi af því var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Farið yfir síðustu fundargerð
2. Framkvæmdaráætlun 2005
3. Bæklingur fyrir Snæfellsnes
4. Heimasíða
5. Stofnun Markaðssjóðs
6. Stofnun Umhverfissjóðs
7. Fjármál Framkvæmdaráðsins almennt
8. Vegagerðin vegna umsóknar frá síðasta vori
9. Samvinna við nefndir bæjarfélaganna
10. Kynningarfundir á verkefninu í bæjarfélögunum
11. Umsóknir um umhverfisverðlaun
12. Önnur mál

**1. Farið yfir síðustu fundargerð**

Formaður gerði það að tillögu sinni að gengið yrði beint til annarrar dagskrár sökum knapps fundartíma.

Greindi formaður frá því að bæklingur sá sem útbúinn var og ætlað að dreifa á World Travel Market í London hefði aldrei farið í dreifingu vegna prentgalla. Prentsmiðjan tók á sig kostnaðinn vegna gallans. Búið er að tryggja lénið [www.snaefellsnes.com](http://www.snaefellsnes.com) fyrir væntanlega vefsíðu Snæfellsness. Á fundinum var einnig rætt hvort tryggja ætti lénið [www.visitsnaefellsnes.com](http://www.visitsnaefellsnes.com) en ákvörðun um það ekki tekin.

Fyrsta stig Framkvæmdaáætlunar, þ.e. innkaup á umhverfismerktum pappír átti að fara í framkvæmd 15. nóv. Vitað er að það hefur þegar gerst í Grundarfirði og að í Stykkishólmi er verið að vinna að sameiginlegum innkaupum fyrir sveitarfélagið.

## FRAMKVÆMDARÁÐ SNÆFELLSNESS

### 2. Framkvæmdaáætlun 2005

Eftirfarandi útdráttur úr heildarframkvæmdaáætlun sveitarfélaganna fyrir næsta ár var lagður fram til umræðu. Um er að ræða verkefni sem hrinda á í framkvæmd í janúar árið 2005 og jafnframt verkefni sem gert er ráð fyrir að séu átaksverkefni og verði unnin nokkrum sinnum yfir árið með mismunandi áherslu.

## FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SNÆFELLSNESS

Fyrir janúar 2005

Verknr.:	Heiti verkefnis:	Dags. verkloka:	Ábyrgðarmenn
<b>1.</b>	<b>ORKUNOTKUN</b>		
1.1.	Sveitarfélögin geri áætlun um að minnka orkunotkun sína	15. janúar '05	Sveitarstjórnir
1.3.	Einstaklingar og heimili verði hvött til orkusparnaðar með markvissum átaksverkefnum	15. janúar '05 15. mars '05 15. sept '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
<b>2.</b>	<b>VERNDUN ANDRÚMSLOFTSINS</b>		
2.1.	Lausangangur bílvéla heyrir sögunni til á Snæfellsnesi fyrir árslok 2005, með markvissum átaksverkefnum	15. janúar '05 15. mars '05 15. sept. '05 15. nóv. '05	Sveitarstjórnir og Framkvæmdaráð
<b>3.</b>	<b>VATNSNOTKUN</b>		
3.1.	Vatnsmælar verði settir upp við vatnsból sveitarfélaganna	15. jan '05	Sveitarstjórnir
<b>6.</b>	<b>VARNAREFNANOTKUN – verndun auðlinda</b>		
6.1.	Gerð verði úttekt á þörf fyrir notkun eiturefna í sveitarfélögunum	15. jan '05	Sveitarstjórnir, áhaldahús
<b>7.</b>	<b>HREINSIEFNANOTKUN – verndun auðlinda</b>		
7.1.	Öll hreinsiefni (sápur til hreingerninga og þvotta) sem keypt eru inn á vegum sveitarfélaganna eru umhverfismerkt, (Environmental Label Type 1, eða lífræn vottun) *	15. jan '05	Sveitarstjórnir, skólastjórar, áhaldahús, leikskólastjórar, forstöðumenn dvalarheimila, sundlaugaverðir
7.2.	Öll hreinsiefni (sápur til hand- og líkamsþvottar) sem keypt eru inn á vegum sveitarfélaganna eru umhverfismerkt, (Environmental Label Type 1, eða lífræn vottun) *	15. jan '05	Sveitarstjórnir, skólastjórar, áhaldahús, leikskólastjórar, forstöðumenn dvalarheimila, sundlaugaverðir
7.3.	Kynnt verði notkun örtrefjaglúta, sem leiða til sparnaðar og umhverfilegs ávinnings	15. jan '05	Sveitarstjórar og stofnanir sveitarfélaganna

## FRAMKVÆMDARÁÐ SNÆFELLSNESS

7.5.	Umhverfismerki verði kynnt fyrir íbúum sveitarfélaganna með sérstöku átaksverkefni sem færi af stað	15. janúar '05 15. mars '05 15. sept. '05	Framkvæmdaráð og kennarar og nemendur Lýsuhólsskóla
------	---	---	---

Var farið yfir framkvæmdaáætlunina lið fyrir lið.

**Liður 1.1.** Rætt var um tillögur að orkusparandi leiðum fyrir sveitarfélögin. Fyrir skömmu sendi Framkvæmdaráð tillögur að orkusparnaði í sambandi við rafmagnatæki til sveitarstjórnanna. Ekki lá fyrir fundinum hvor hafin væri vinna eftir þeim tillögum. Samþykkt var að hafa samband við Gretar Pálsson hjá RARIK í Stykkishólmi bæði vegna **liðar 1.1. og 1.3.** og hann beðinn um að koma með tillögur. Guðlaugur mun taka það að sér.

Í Stykkishólmi hefur verið stofnaður umhverfishópur sem allir Snæfellingar geta gerst aðilar að. Einnig er hægt að komast á póstlista hans. Umhverfishópurinn hefur sent frá sér upplýsingar í bæjarblað Stykkishólms. Var á fundinum farið fram á það að samsvarandi upplýsingar yrðu sendar í öll bæjarblöðin á Snæfellsnesi. Var það samþykkt af Menju sem sér um þennan þátt.

**Liður 2.1.** Samþykkt var að fara þess á leit við sveitarfélögin að þau keypti fleiri skilti og kæmu þeim upp við opinberar byggingar, skóla og athafnasvæði, þar sem fólk er hvatt til að skilja ekki bíla sína eftir í lausagangi. Á fundinum kom fram að sá útbreiddi misskilningur að það færi illa með bílvélina og mengaði meira að drepa á vélinni og setja hana svo í gang fljótlega aftur ætti ekki við rök að styðjast, nema bílvélin væri endurræst innan einnar mínútu.

Ýmsar aðrar hugmyndir komu fram um eftirfylgni við þennan lið framkvæmdaáætlunarinnar en nánar verður unnið úr þeim áður en þær verða kynntar.

Undir þessum lið var einnig rætt mikilvægi þess að sett yrðu upp skilti við aðkomuna inn á Snæfellsnes að sunnan- og norðanverðu sem á stæði: Velkomin á/ Welcome to Snæfellsnes og síðan væri merki Green Globe 21 (viðmið) á skiltinu. Var samþykkt að vinna að því að hrinda því í framkvæmd sem fyrst.

**Liður 3.1.** Vatnsmælar verði settir upp við vatnsból sveitarfélaganna fyrir 15. janúar. Þótt sum sveitarfélög búi við það að hafa sjálfrennandi vatn gera þau það ekki öll og þurfa því að nota orku til að dæla vatninu. Staðlar Green Globe 21 gera kröfu um að fyrir liggja upplýsingar um það vatnsmagn sem notað er per íbúa í sveitarfélögunum. Því er þetta nauðsynleg ráðstöfun ef sveitarfélögin ætla að fá vottun.

Hildibrandur benti á hættuna sem fælist í opnum vatnsbólum. Hann sagðist hafa orðið fyrir því fyrir nokkrum árum að kindur létu lömbum og drápust einnig sumar vegna mengunar sem borist hafði í vatnsból hans með fuglum erlendis frá. Taldi hann töluverða hættu liggja í því að víða væru opin vatnsból á Snæfellsnesi og vildi benda á hættuna með tilliti til fuglaflensu og annarar óværu.

**Liður 6.1.** Samþykkt var að þessi liður yrði ræddur þegar haldinn verður kynningarfundur með starfsmönnum sveitarfélaganna nú í desember eða janúar n.k.

**Liður 7.1. ,7.2. og 7.3.** Samþykkt var að útbúa lista yfir þau hreinsiefni sem falla undir þennan flokk og kynna hann á kynningarfundum með starfsmönnum sveitarfélaganna og jafnframt að benda á kosti trefjaklúta við hreingerningar.

**Liður 7.5.** Samþykkt var að leita til nemenda og kennara Lýsuhólsskóla og fá þá til að kynna umhverfismerki í bæjarblöðum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi næstu mánuði.

### **3. og 4. Bæklingur og heimasíða Snæfellsness**

Fjallað var um nauðsyn þess að útbúa sameiginlegan kynningarbækling um Snæfellsnes. Gert er ráð fyrir að hann verði á ensku til að byrja með og verði tilbúinn eigi síðar en í apríl á næsta ári. Lögð var áhersla á að taka frekar aðeins meiri tíma í undirbúning hans en flýta honum og of og hafa hann þá vandaðri. Lagt var til að skipuð yrði ritnefnd sem myndi sjá um að safna efni og setja bæklinginn upp. Einnig kom tillaga um það að Náttúrustofa Vesturlands tæki að sér að hanna bæklinginn og myndi gera tilboð í verkið. Hvorug tillagan var samþykkt, en Menju og Guðrúnu falið að koma með tillögu að stærði, útliti og gerð bæklingins fyrir næsta fund. Náttúrustofa eða aðrir gætu svo boðið í verkið þegar fyrir lægi hversu stór bæklingurinn yrði. Gert er ráð fyrir að bæklingurinn borga sig að mestu eða öllu leyti með auglýsingum og styrkjum.

Bæklingi þessum er ætlað að markaðssetja Snæfellsnes allt sem eitt markaðssvæði. Lögð verður áhersla á að kynna Snæfellsnes út frá þeim “seglum” sem koma fram í Stefnu Snæfellsness í sjálfbærri þróun til ársins 2015.

Gerð heimasíðu var ekki sett í farveg, en Ingi Hans Jónsson kynnti forrit sem búið er að hanna og tengist ferðapjónustu á Snæfellsnesi. Forritið er þó ekki enn komið á Netið og því ekki ljóst hvernig vefslóðin [www.snaefellsnes.com](http://www.snaefellsnes.com) myndi tengjast henni.

### **5., 6. og 7. Markaðssjóður, umhverfissjóður og fjármál Framkvæmdaráðs**

Sigríður Finsen greindi fundarmönnum frá því að Héraðsnefnd Snæfellinga hefði ákveðið að veita 400 þúsund króna fjárframlagi til Framkvæmdaráðsins. Gert er ráð fyrir að hluti af því framlagi leggi grunninn að markaðssjóði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvenær umhverfissjóður verði stofnaður.

Sem stendur er verið að vinna að því að fá stuðningsaðila við Green Globe 21 verkefnið á Snæfellsnesi, sem myndi þá styrkja báða sjóði. Málið er í vinnslu og niðurstaða liggur ekki fyrir.

### **8. Vegagerðin vegna umsóknar**

Síðastliðið vor var gerður listi yfir þær úrbætur sem Framkvæmdaráð vildi að gerðar yrði á áningastöðum ferðamanna meðfram vegum á Snæfellsnesi. Var hann gerður vegna bréfs frá umhverfisfulltrúa Ferðamálaráðs. Lítið varð um framkvæmdir og því ákvað fundurinn að bréfið yrði sent aftur og nú til Vegagerðarinnar. Jafnframt yrði afrit sent til allra sveitastjórna, samgönguráðherra og umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi.

### **9. Samvinna við nefndir bæjarfélaganna**

Ekki var unnt að fjalla um þennan lið vegna knapps fundartíma.

#### **10. Kynningarfundir í bæjarfélögunum**

Verkefnisstjórn á eftir að halda fundi með starfsmönnum sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir því að haldinn verði fundur með starfsmönnum Stykkishólms og Grundarfjarðar í desember. Lagt var til að á fundinum í Stykkishólmi yrðu einnig fulltrúar sveitarstjórna í Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi. Jafnframt er gert ráð fyrir að halda fund með starfsmönnum Snæfellsbæjar í janúar n.k.

Almennur kynningarfundur hefur verið haldinn í Snæfellsbæ og á dagskrá eru nokkrir kynningarfundir með Lions og Rotary félögum í Snæfellsbæ. Aðrir fundir hafa enn ekki verið skipulagðir en eru í vinnslu.

#### **11. Umsóknir um umhverfisverðlaun**

Guðrún greindi frá því að Ferðamálaráð hefði sent henni upplýsingar um umhverfisverðlaun sem heita Tourism for Tomorrow Award sem sækja þarf um fyrir 10. desember. Jafnframt væri hún með upplýsingar um Condé Nast verðlaun sem sækja þyrfti um fyrir 15. desember. Samþykkt var að Guðrún kannaði hvort Snæfellsnes kæmi til greina sem umsækjandi að verðlaununum. Var henni jafnframt falið að sækja þá um verðlaunin.

#### **12. Önnur mál**

Ljóst er að ef fylgja á eftir framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna þarf Framkvæmdaráð að fá ýmis verkefni unnin fyrir sig sem taka lengri tíma en venjulega fundartíma. Samþykkt var að koma á næsta fundi með tillögu að tímakaupi fyrir þá sem taka að sér nokkurra tíma vinnu fyrir Framkvæmdaráð, en leita annars tilboða í verkin frá þeim sem þau vinna.

Næsti fundur var ákveðinn 10. janúar kl. 13:30 á Brekkubæ. Gert er ráð fyrir að hann taki a.m.k. 2 og ½ tíma.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið rúmlega hálffimm  
Fundarritari: Guðrún G. Bergmann